



Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/2666**  
**komudagur 1.6.2012**


Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um tillögu til þingsályktunar um lagningu heildsársvegar í Ármeshrepp. ( 815. mál, 140. löggjafarþing 2011-2012).

Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga styður eindregið efni þingsályktunar sem hér er lögð fram enda um mikið hagsmunamál fyrir byggð á Ströndum og eflir jafnframt einnig önnur svæði á Vestfjörðum.

Efni tillögunnar er í samræmi við stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum í samgöngumálum og kynnt hefur verið Alþingi við umfjöllun 140. löggjafarþings um þingsályktunartillögum um fjögurra ára samgönguráætlun 2011-2014 (392. mál) og samgönguáætlun 2011-2022 (393.mál).

Ísafirði 31. maí 2012.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

  
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri



## Ályktun vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um flýtingu Dýrafjarðarganga í samgönguáætlun 2011-2022.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, styður áform um flýtingu á gerð Dýrafjarðarganga samkvæmt fjárfestingaráætlun ríkisstjórnar sem kynnt var þann 18. maí s.l.. Ákvörðun ríkisstjórnar fellur að stefnumörkun og ályktunum sveitarfélaga á síðustu árum og nú síðast undirskriftarsöfnun íbúa á Vestfirðum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áréttar þann skilning, að þessi áform komi til viðbótar þeim verkefnum sem eru nú til umfjöllunar á Alþingi í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022. Vísar stjórn til umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga til Alþingis um samgönguáætlun 2011-2022 í þessum efnun, sem varðar m.a. fullnaðarfjármögnun framkvæmda við Vestfjarðaveg 60 í Gufudalssveit.